

## **Þingflokksfundur Pírata, miðvikudaginn 1. mars 2017, kl. 13.**

Fundinn sátu: Ásta Guðrún Helgadóttir, Birgitta Jónsdóttir, Björn Leví Gunnarsson, Einar Brynjólfsson, Gunnar Hrafn Jónsson, Gunnar Ingiberg Guðmundsson, Halldóra Mogensen, Jón Þór Ólafsson, Smári McCarthy, Viktor Orri Valgarðsson og Þórhildur Sunna Ævarsdóttir. Fundarstjóri var Jón Þórisson.

Berglind ritaði fundargerð.

Borin var upp tillaga að dagskrárbreytingu frá Gunnari Ingiberg þess efnis að liður 9. verði ráðgjöf. Var tillagan samþykkt og færðust aðrir dagskrárliðir aftur sem því nam.

Nr. 11/2017

### **1. Fundargerð**

Fundargerð frá 27. febrúar var samþykkt.

### **2. Dagskráin í dag og framundan**

Halldóra og Jón Þór taka þátt í sérstökum umræðum í dag um framtíðarsýn í heilbrigðismálum. Birgitta og Gunnar taka þátt í sérstökum umræðum á morgun um matvælaframleiðslu og loftlagsmál. Einar og Birgitta taka þátt í umræðum um skýrslu umhverfisráðherra um loftlagsmál. Þórhildur Sunna og Birgitta taka þátt í sérstökum umræðum um skýrslu um Kópavogshæli. Birgitta fer í óundirbúnar fyrirspurnir á morgun. Vakin var athygli á munnlegum fyrirspurnum nk. mánudag. Farið var yfir dagskrá í dag og þingvaktir ræddar.

### **3. Bríf úr nefndum**

Viðstaddir gerðu grein fyrir stöðu mála í nefndum.

### **4. Tilnefningar í stjórnir, nefndir og ráð**

Tilnefningar í yfirkjörstjórn norðvesturkjördæmis ræddar. Samþykkt var að þingflokksformaður hafi umboð til að ganga frá tilnefningum. Upphafleg samþykkt aðalmanns í bankaráð Seðlabanka Íslands stendur en tilnefning varamans var rædd. Ásta Guðrún hefur samband við viðkomandi og sendir staðfestingu á þingflokkin. Tilnefningar í aðrar nefndir, stjórnir og ráð verða á dagskrá næsta þingflokksfundar.

### **5. Starfsmannamál**

Starfsmannamál voru rædd. Samþykkt var samhljóða sú tillaga að auglýsa eftir starfsmanni þingflokks á heimasíðu Pírata og í blöðunum. Var Jóni Þórisssyni falin umsjón með móttöku og úrvinnslu umsókna. Jón og Ásta gera drög að starfslýsingu vegna auglýsingar og senda á þingflokkin á morgun. Stefnt á að auglýsa fyrir helgi.

### **6. Húsreglur**

Farið var yfir drög að húsreglum og voru þau samþykkt samhljóða.

## **7. Skýrslumál forsætisráðherra**

Björn Leví gerði grein fyrir málinu og næstu skref rædd. Þórhildur Sunna óskaði eftir leyfi þingflokksins til að ráða lögfræðing í tímabundna vinnu. Ákveðið var að Þórhildur Sunna fái tilboð frá viðkomandi og leiti samþykkis þingflokksins í gegnum tölvupóst.

## **8. Ljósleiðari**

Birgitta skoðar málið.

## **9. Ráðgjöf**

Tillaga um að ráða aðila í tímabundna ráðgjöf og aðstoð við varþingmenn var til umræðu. Ásta bar upp tillögu að fá fyrirlestur við tækifæri. Ástu falin framkvæmd málsins.

## **10. Þingskapanefnd**

Tekið af dagskrá.

## **11. Drög að tillögu um fundarsköp þingflokks Pírata**

Dagskrárlið frestað.

## **12. Women in Parliaments**

Tekið af dagskrá.

## **13. Hæfniskröfur í nefndum**

Dagskrárlið frestað.

## **14. Önnur mál**

Ásta greindi frá nefnd sem til stendur að skipa í og verður málið rætt betur síðar. Ásta gerði grein fyrir fundi minnihlutaflokkanna í gær. Fundarefnisbeiðnir voru stuttlega ræddar. Björn Leví greindi að lokum frá stöðu mála í fjárlaganefnd.

Fundi slitið kl. 14:53.